Fundargerð 16. Fundar stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 6. október 2020.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri og Hanna Rósa Sveinsdóttir starfsmaður safnsins. Ekki náðist að boða varamann varamanns í tæka tíð.

Formaður setti fund kl. 15:30.

1. **Starfsemi milli funda.**
   Safnstjóri kynnti starfsemi milli funda stjórnar.
   Aðsókn að safninu í sumar var eins og við var að búast. Heimsóknir Íslendinga hafa aldrei verið meiri en að sama skapi voru erlendir gestir sögulega fáir. 230% fleiri Íslendingar heimsóttu safnið en erlendir gestir voru 90% færri. Árið 2020 heimsóttu í júní til ágúst 10.634 gestir Minjasafnið, Nonnahús, Leikfangahúsi, Davíðshús og Laufás í stað 21.045 árið 2019 í júní til ágúst. Þegar ferðahömlum var aflétt í júlí jókst koma erlendra ferðamanna hratt. Í ágúst þegar aðgerðir voru hertar á ný dró jafn hratt úr heimsóknum Íslendinga og útlendinga.

   Covid hefur haft víðtæk áhrif á starfsemi safnsins þannig hefur þurft að fella niður eða fresta viðburðum og leiðsögnum. Því sem hægt hefur verið að breyta hefur verið breytt. Þannig verður hluti Barnamenningarhátíðar ljósmyndasýning sem börn á grunnskólaaldri taka þátt í að búa til. Haldinn var viðburður í Laufási þar sem börn fóru í ratleik um Gamla bæinn og til stendur að halda sambærilegan viðburð í Davíðshúsi.
   Mikill tími hefur farið í upplýsingagjöf vegna Covid til ýmissa opinberra aðila en í ljós kemur að söfn eru undanskilin öllum bjargráðum og er algerlega í kot vísað. Safnstjóri kynnti starfsemi safnsins á þessum óvissutímum á haustfundi höfuðsafna. Þá tók hann þátt í fundi með Menntamálaráðherra um áhrif kóvíd á starf og rekstur safna.

   Karl-Werner Schulte heimsótti safnið í júlí og tóku starfsfólk og formaður á móti honum. Karl-Werner hefur tekið að sér að útbúa heimasíðu fyrir kortasafnið sem hann og eiginkona hans Gisella Daxboek Schulte gáfu Akureyrarbæ árið 2014. Starfsfólk safnsins hefur unnið ötullega að því að skrá og ljósmynda kortin, sem eru nú varðveitt á safninu. Boðið verður til útgáfuhófs af hálfu Karl-Werner á safninu þann 20. apríl 2021.

2. **Rekstrarniðurstaða eftir 8 mánuði 2020.**
   Farið var yfir rekstur safnsins fyrstu 8 mánuði ársins og áætlaðan rekstrarkostnað og -tekjur út árið 2020. Færra sumarstarfsfólk var ráðið inn og allri rekstrarliðir sparaðir eins og hægt er. Dregið var úr opnunartíma. Tekjur drógust verulega saman þar sem erlenda gesti vantar þetta árið. Safnstjóri ítrekaði að rekstur safnsins væri of háður tekjum af ferðamönnum sem væri um 30% af tekjum safnsins. Grunnstarfið hvíldi því á óvissri innkomu.
   Lögð var fram áætlum um rekstur safnsins út árið og ljóst að lítið má út af bregða.

3. **Raunverulegir eigendur safnsins.**
   Ábending hefur borist frá Ríkisskattstjóra um að Minjasafnið á Akureyri hafi láðst að skrá raunverulega eigendur safnsins og hvatt til að ráða bót á því áður en gripið verði til íþyngjandi aðgerða. Þessar upplýsingar eru á skjön við áður framkomnar upplýsingar frá Deloitte og RSK um að slíkar upplýsingar þurfi ekki að skrá þar sem safnið sé í eigu sveitarfélaga.
   Safnstjóra falið að vinna að málinu og senda inn nauðsynlegar upplýsingar sem voru undirritaðar á fundinum.

4. **Lífeyrismál.**
   Hanna Rósa kynnti minnisblað varðandi óvissu um móttöku greiðslna í A-deild Brúar fyrir starfsmenn eftir að safnið tók sjálft við útborgun launa. A-deildin er í raun aðeins ætluð starfsmönnum sveitarfélaga og Minjasafnið er ekki skráð sem slík hjá fyrirtækjaskrá.
   Stjórn safnsins þakkaði Hönnu Rósu fyrir góða samantekt.
   Safnstjóra og formanni falið að vinna að málinu og senda minnisblaðið til Akureyrarstofu.

5. **Þjónustusamningar.**
   Samningar við sveitarfélög um rekstrarframlög renna út um áramót. Einnig rennur samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við Nonnahús og Davíðshús út um áramót.
   Safnstjóra falið að óska eftir að viðræður hefjist sem fyrst.

6. **Fundaáætlun stjórnar.**
   Fundir stjórnar eru áætlaðir 10.11 og 8.12.

7. **Iðnaðarsafnið.**
   Safnstjóri hefur tekið þátt í vinnuhópi með framkvæmdastjóra Akureyrarstofu og stjórnarformanni Iðnaðarsafnsins varðandi framtíð Iðnaðarsafnsins. Lagt var fram minnisblað á fundi Akureyrarstofu.

8. **Önnur mál**.

Fundi slitið 18:12.

Fundargerð ritaði HÞE